

Umhverfistofnun
Suðurlandsbraut 24
Reykjavík

Reykjavík, 8. nóvember 2021

Efni: Athugasemdir í tilefni af tillögu að starfsleyfi fyrir Arctic Sea Farm ehf. til sjókvíaeldis á 4.000 tonna hámarkslífmassa af frjóum laxi í Arnarfirði

Vísað er til tillögu að starfsleyfi fyrir Arctic Sea Farm ehf. til sjókvíaeldis á 4.000 tonna hámarkslífmassa af frjóum laxi í Arnarfirði sem auglýst var opinberlega 11. október sl. Í auglýsingunni kemur fram að tillagan sé byggð á matsskýrslu frá 209 um eldi Arctic Sea Farm ehf. á 4.000 tonnum af laxi í sjókvíum í Arnarfirði. Auglýsingunni fylgdu, auk tillögunnar að starfsleyfi, matsskýrsla framkvæmdaraðila og álit Skipulagsstofnunar á henni. Eftirfarandi athugasemdir taka mið af þessum gögnum. Athugasemdirnar eru settar fram í ljósi þess lagagrundvallar sem fyrirhugað starfsleyfi er reist á, þ.m.t. í ljósi ákvæða laga nr. 71/2008 um fiskeldi, laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og reglugerða settra á grundvelli þessara laga.

Með hliðsjón af framangreindum grundvelli eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við hina auglýstu tillögu að starfsleyfi:

1. Ekki verður séð að áhættumat erfðablöndunar, sbr. 2. tölul. 3. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi né burðarþolsmat, sbr. 3. tölul. 3. gr. sömu laga, sem vísað er til í matsskýrslu leyfisbeiðanda, álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum og í auglýsingu vegna tillögunnar, hafi sætt málsmeðferð samkvæmt lögum nr. 105/2006. Í tveimur álitum Skipulagsstofnunar dags. 13. október 2021 (fskj. 1 og fskj. 2) er komist að þeim niðurstöðum að annars vegar burðarþolsmat og hins vegar áhættumat erfðablöndunar séu áætlanir sem falli undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þar að auki er bent á umhverfismatsskýrslu atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins og Hafrannsóknarstofnunarum burðarþolsmat og áhættumat erfðablöndunar (fskj. 3)

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 111/2021 er umhverfismat áætlana ferli sem samanstendur af gerð umhverfismatsskýrslu, kynningu og samráði um hana og afgreiðslu hennar að teknu tilliti til niðurstöðu umhverfismats og samráðs. Þá er samkvæmt 6. tölul. 2. gr. laga nr. 105/2006 er umhverfismat áætlana mat á áhrifum áætlana á umhverfið, gerð umhverfisskýrslu, samráð og kynning fyrir almenningi á tillögu að áætlun og umhverfisskýrslu og því hvernig höfð var hliðsjón af framkomnum sjónarmiðum við afgreiðslu áætlunar. Ljóst er þannig að gerð er sambærileg krafa um málsmeðferð eftir lögum nr. 105/2006 og það sem gildir eftir lögum nr. 111/2021.

2. Í tengslum og til stuðnings við framangreindar athugasemdir eru hjálagðar skýrslur Jóhannesar Sturlaugssonar, líffræðings. Annars vegar skýrslan „Eldislaxar á hrygningarslóð villtra laxa í Fífustaðadal í Arnarfirði 2015-2020“, dags. 15. mars 2021 (fskj. 4) og hins vegar skýrslan „Hugvekja um örlög íslenskra laxastofna í ljósi eldis á laxi í opnum sjókvíum við Ísland“, dags. desember 2018 (fskj. 5). Í hinni fyrrnefndu skýrslu (fskj. 4) kemur eftirfarandi fram á bls. 4-5:

MAGNA

„Þáttaka eldislaxa í hrygningu í Fífustaðadalsár hefur 4 af síðustu 6 árum verið yfir þeim 4% mörkum sem tiltekin hafa verið sem viðmið hérlendis í opinberu áhættumati sem neðri mörkin í áhættumati erfðablöndunar (Hafrannsóknastofnun 2020). Þar af var hlutdeild fjölda eldislaxa í hópi hrygningarlaxa þrjú þessara ára fast að eða yfir þeim 10% mörkum efri mörkum sem opinbert viðmið Hafrannsóknastofnunar tiltekur sem hættumörk þess að stofn nái að viðhalda eiginleikum sínum eður ei ef slíkt ástand er viðvarandi. Eiginleikum sem laxarnir í Fífustaðadalsá líkt og í öðrum ám hafa þróað með sér til þess að geta sem best tekist á við þau lífskilyrði sem þeim eru búin í ánum og á hafsvæðunum sem að þeir laxar ganga um. Með vísun í norskan uppruna eldislaxanna sem íslenskt sjókvíaeldi grundvallast á, sem ekkert tillit er tekið til í áhættumati Hafrannsóknastofnunar, sem og því að hlutfallslega mikil erfðablöndun fálidaðra laxastofna er áhættusamari en þegar erfðablöndun verður í sama hlutfalli hjá fjölíðuðum laxastofnum. Þá verður að taka með mikilli varúð þessum 4-10% viðmiðunar þröskuldsgildum varðandi erfðablöndun. Því þau viðmiðunarmörk vanmeta áhættuna sem íslenskum laxastofnum stafar af erfðablöndun norskættaðra eldislaxa sem sloppið hafa úr sjókvíaeldi, ekki síst í tilfelli smárra laxastofna þeirra áa sem renna til sjávar í næsta nágrenni við helstu sjókvíaeldissvæðin.

En ef við látum það liggja á milli hluta og litum á hérlend opinber áhættumörk erfðablöndunar sem raunhæf viðmið. Þá fæst engu að síður að tilvist laxastofnsins í Fífustaðadalsá er fyrir borð borinn með sama áframhaldi. Og eru þá ótalin þau skörð sem vænta verður að höggvin verði í þennan litla laxastofn fyrir tilverknað laxalúsarinnar sem einnig fylgir laxeldisiðnaðinum. Raunarsaga laxastofnsins í Fífustaðadalsá er sorglegt dæmi um þá staðreynd að það hefur aldrei staðið til að af hálfu opinberra aðila að verja þá litlu laxastofna sem finnast í ám í nágrenni sjókvíaeldissvæða.“

Þá kemur eftirfarandi fram á bls. 6:

„Ætla verður að nefndir eiginleikar laxastofnsins í Fífustaðadalsá vitni um lífssögulega aðlögun sem dregur úr áhættunni á því að hrygningin (nýliðunin) misfarist hjá þeim fálidaða laxastofni. Það hversu fálidaður laxastofninn í Fífustaðadalsá er gerir það að verkum að ekki má mikið út af bregða til þess að tilvist hans verði ekki lengur sjálfbær. Því er sérlega mikilvægt að leita leiða til að vernda þann laxastofn fyrir þeirri viðvarandi hættu sem þeim stofni stafar nú af eldi laxa í kvíum í Arnarfirði og nágrenni. Mikil sérstaða stofnsins með hliðsjón af lífssögu hans ætti að vera enn frekari hvati slíkrar verndar. Eðlilegasta leiðin til að fyrirbyggja þau náttúruspjöll sem hér um ræðir myndi vera sú að að stunda ekki kvíaeldi á laxi en þess í stað landeldi á laxi. Að því gefnu að kvíaeldi sé leyft enn um sinn, þá er nauðsynlegt að tryggja það að slíkt eldi sé aðeins leyft ef staðsetning þess, umfang þess og annað sem að þeim rekstri lýtur, felur ekki í sér skerðingu á sjálfbærni og um leið tilvist náttúrulegra laxastofna né annarra dýrastofna. Því slíkur förnarkostnaður þess iðnaðar, líkt og nú er reyndin, er óafsakanlegur. Í þessu sambandi er við hæfi að nefna að íslensk lög um náttúruvernd (Lög um náttúruvernd 2013) sem og alþjóðasáttmáli Sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan

MAGNA

fjölbreytileika (The Convention on Biological Diversity) sem Íslendingar eru sammingsbundir aðilar að, fela í sér að íslensk stjórnvöld eiga að sjá til þess að aðgerðir þeirra miðist við að viðhalda þeim breytileika sem fyrirfinnst í lífríkinu. Laxastofnar falla undir þá vernd sem þar er kveðið á um. “

Þá er vert að benda á eftirfarandi tilvitnun úr hinni síðarnefndu skýrslu (fskj. 5), bls. 2:

„Með hliðsjón af þeim um 15 þúsund tonnum af norskum laxi í sjókvíaeldi sem miðað við áætlanir má ætla að sé í eldi hér við land 2018, þá þýðir það með vísun í þessi gögn að 6-12 þúsund laxar sleppi úr þeim hópi. Ef við litum til þess að fullnýttur verði sá kvóti er Hafrannsóknarstofnun setti hérlendu sjókvíaeldi á frjóm norskættuðum laxi upp á 71 þúsund tonn – þá myndi árlegt eldi af því umfangi fela í sér að 28-57 þúsund laxar úr þeim hópi myndu sleppa. Sem í verstu útgáfunni þýðir að árlega yrði fjöldi frítt syndandi norskættaðir eldislaxar hérlendis á móta eða meiri en heildarfjöldi hrygningarlaxa íslenskra laxastofna. Leyfum okkur þá að skoða hver sviðsmyndin væri ef tíðni strokufiska úr kvíum væri á því róli sem hún er við Skotland og 71 þúsund tonna sjókvíaeldiskvótinn væri fullnýttur. Þá væri fjöldi frítt syndandi laxa frá íslensku sjókvíaeldi á bilinu 141 – 242 þúsund laxar. Hér verður þó að geta þess að reynslan sýnir að einungis lítill hluti strokulaxa nær þeim áfanga að ganga upp í ár og taka þátt í hrygningunni. Hinsvegar er raunin sú þegar fjöldinn er orðinn svona mikill og heimastofnarnir jafn fáliðaðir og raunin er hérlendis þá verður hættan umtalsverð fyrir tilstilli þess minnihluta eldislaxanna sem nær alla leið á hrygningarslóð ána.“

Af framangreindum tilvitnunum verður ráðið að ljóst er að fyrirhugað sjókvíaeldi í Arnarfirði samkvæmt þeirri tillögu að starfsleyfi sem hér eru gerðar athugasemdir við getur haft umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. 10. gr. laga nr. 105/2006, sbr. einnig 2. viðauka við lög nr. 111/2021, sbr. c. lið 1. mgr. 2. gr. laganna. Þar af leiðandi er einstaklega mikilvægt, þegar lagður er grundvöllur að starfsleyfi vegna fyrirhugaðs sjókvíaeldis, að gætt sé að ákvæðum laga nr. 105/2006, sbr. einnig rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Af framangreindum athugasemdum er talið leiða að ekki séu skilyrði fyrir hendi til útgáfu starfsleyfis samkvæmt hinni auglýstu tillögu.

Virðingarfyllt

f.h. Náttúruverndarfélagsins Laxinn lifi

Hákon Þorri Magnússon, lögfræðingur,

f.h. Flóka Ásgeirssonar lögmanns

